

# „Fatlaðir geta svo mikið en fá bara ekki tækifæri til þess“

Könnun á viðhorfi til  
starfsmenntunarnámskeiða fyrir fatlað fólk á  
Suðurlandi





### Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Fræðslunet Suðurlands og Fjölmennt  
Styrkt af	Mennta- og menningarmálaráðuneytinu  MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Markmið rannsóknar	Greining á þörf fyrir starfsmenntunarnámskeið fyrir fatlað fólk á Suðurlandi.
Dagsetning skýrsluskila	Maí 2013



### Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Undirbúningur og gagnaöflun	Auður Magnús Auðardóttir Hrafnhildur Snæfríðardóttir Gunnarsdóttir
Úrvinnsla	Auður Magnús Auðardóttir
Skýrslugerð	Auður Magnús Auðardóttir Hrafnhildur Snæfríðardóttir Gunnarsdóttir



## EFNISYFIRLIT

<b>Efnisyfirlit .....</b>	<b>3</b>
<b>Helstu niðurstöður .....</b>	<b>4</b>
<b>Aðferð .....</b>	<b>6</b>
<i>Eigindlegar rannsóknaraðferðir .....</i>	<i>6</i>
<i>Gagnaöflun.....</i>	<i>6</i>
<i>Skráning og úrvinnsla gagna .....</i>	<i>7</i>
<i>Styrkleikar og takmarkanir.....</i>	<i>8</i>
<b>Niðurstöður .....</b>	<b>9</b>
<i>Verklegt nám .....</i>	<i>10</i>
<i>Starfskynningar .....</i>	<i>11</i>
<i>Önnur fræðsla .....</i>	<i>16</i>
<i>Fyrirkomulag og kynningar.....</i>	<i>19</i>
<b>Heimildir .....</b>	<b>21</b>

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöðurnar byggja á umræðum sem fram fóru í fjórum rýnihópum; rýnihóp með atvinnurekendum af Suðurlandi, rýnihóp með fólki sem starfar að málefnum fatlaðs fólks og tveimur rýnihópum með fötluðu fólki.

- Fatlaðir þátttakendur óskuðu eftir meira sjálfræði í atvinnumálum og auknu aðgengi að almennum vinnumarkaði.
- Þátttakendur töldu flestir mikilvægt að verklegt nám, starfskynningar og önnur námskeið væru sniðin að áhugasviði hvers og eins og mótuð með framtíðarsýn viðkomandi í huga.

### **Verklegt nám**

- Bent var á að þörf er fyrir verklegt nám þar sem kennd væru vinnubrögð sem hentuðu ólíkum starfssviðum eftir áhugasviði hver og eins. Sem dæmi um slíkt væri kennsla á afgreiðslukassa hagnýt fyrir fólk sem hefur áhuga á verslunarstörfum.
- Þátttakendur komu fram með hugmyndir um að gestakennarar frá fyrirtækjum og stofnunum kynntu starfsemi sína á námskeiðum og fræddu nemendur um hvernig unnið er innan þeirra geira. Til viðbótar við þetta er hér lagt til að fatlað fólk sem starfar á almennum vinnumarkaði segði frá reynslu sinni og þeim vinnubrögðum sem þau nota í starfi sínu.

### **Starfskynningar**

- Helsta hindrunin á vegi fatlaðs fólks út á almennan vinnumarkað virðast vera viðhorf atvinnurekenda og tregða þeirra við að ráða fatlað starfsfólk. Þetta er ein af skýrustu niðurstöðum rannsóknarinnar og endurspegladist í umræðum allra rýnihópanna. Þar sem markmið starfsmenntanámskeiðanna er að auðvelda fötluðu fólki að fá störf á almennum vinnumarkaði telja rannsakendur að brýnt að þessi þáttur verði hafður til hliðsjónar við hönnun námskeiða.
- Þátttakendur lögðu til að Fræðslunetið standi fyrir starfskynningum þar sem fatlað fólk fær fræðslu um ólíkar stofnanir og fyrirtæki á svæðinu. Samhliða því væri kynnt fyrir fyrirtækjum hvaða þýðingu það hefur að hafa fatlað starfsfólk í vinnu.
- Þátttakendur bentu á mikilvægi þess að fyrirtæki og stofnanir fengu kynningu á því hvað það felur í sér að ráða fatlaða manneskju til starfa. Með slíkri vinnu væri ef til vill hægt að vinna bug á þekkingarleysi og tregðu fyrirtækja og stofnana á svæðinu við að ráða fatlað fólk til starfa.

- Rannsakendur benda á að nýta ætti krafta og hugmyndir fatlaðs fólks við gerð þessara kynninga. Þannig yrðu kynningarnar í senn valdeflandi fyrir fólkið sem tæki þátt í þeim og myndi efla tengslanet þeirra og þekkingu á vinnumarkaðinum.

### **Önnur fræðsla**

- Í rýnihópunum komu einnig fram hugmyndir að annarri fræðslu sem nýst gætu fötluðu fólki sem vill fara út á almennan vinnumarkað. Fólki þótti mikilvægt að ræða um réttindi og skyldur á vinnumarkaði svo sem reglur um vinnutíma, frí, veikindarétt, rétt til endurmenntunar og þess háttar. Einnig að farið væri yfir algengasta form ráðninga-samninga og rétt um þýðingu reynsluráðninga.
- Í öðrum hópnum með notendum kom fram að þeim þótti mikilvægt að fatlað fólk sem væri að fara út á almennan vinnumarkað væri frætt um fordóma sem gætu mætt þeim. Rannsakendur benda á að mikilvægt sé að fatlað fólk á vinnumarkaði geri sér grein fyrir hvert þau geta leitað og hvernig best sé að bregðast við óþægilegum uppákomum eða fordómum. Þátttakendur bentu einnig á að fræða þyrfti fatlað fólk, vinnuveitendur og samstarfsfólks um að sömu viðmið og reglur giltu fyrir fatlað fólk sem starfar á almennum vinnumarkaði og aðra, bæði hvað varðar réttindi og skyldur en einnig hvað varðar almenna framkomu.
- Fatlaðir þátttakendur töldu þörf á sjálfsstyrkingu fatlaðs fólks. Var það talin góður grunnur fyrir fólk sem hyggst sækja út á vinnumarkaðinn en skortur á sjálfstrausti var talin ein helsta hindrun fyrir fatlað fólk á leið á vinnumarkaðinn.
- Skýrar óskir komu frá fötluðum þátttakendum um að aðgreining fatlaðs fólks og ófatlaðs yrði minni í samfélaginu. Í ljósi þessa er hér lagt til að almenn námskeið sem Fræðslunet Suðurlands stendur fyrir verði kynnt með skýrari hætti fyrir fötluðu fólki á svæðinu og því boðið markvisst uppá stuðning og aðlögun á námsefni ef með þarf.

### **Fyrirkomulag og kynningar**

- Að mati þátttakenda er mikilvægt að námskeiðin nái til fólks sem býr utan Selfoss, svosem á Sólheimum, Hvolsvelli og á Vík.
- Fólk sem starfar að málaflokknum á svæðinu nefndi að mikil þörf væri á starfsmennanámskeiðum fyrir ungt fólk, undir títugu og allt niður í 16 ára sem hefur flosnað upp úr skóla.
- Að mati þátttakenda þyrfti að kynna námskeiðin á einstaklingsgrundvelli og benda fólki á hvernig þau tengjast framtíðarmarkmiðum þeirra um atvinnuþátttöku. Einnig að allir sem vinna að málaflokknum á svæðinu séu meðvitaðir um hvaða námskeið Fræðslunet Suðurlands býður uppá og fyrir hvaða hópa þau henta.

## AÐFERÐ

### Eigindlegar rannsóknaraðferðir

Verkefnið sem hér er lýst er unnið með eigindlegum aðferðum. Eigindlegar rannsóknir eiga það sammerkt að beinast að fáum þátttakendum og henta vel þegar markmiðið er að öðlast djúpan skilning á reynslu fólks út frá sjónarhóli þess sjálfs. Markmiðið er því að skilja hlutina út frá sjónarhóli þeirra sem taka þátt í rannsókninni í stað þess að bera saman athafnir og viðhorf fólks með tölulegum hætti (Bogdan og Biklen, 1998; Rannveig Traustadóttir, 1993). Í eigindlegum viðtölum er umræðuefnið yfirleitt fyrirfram ákveðið en innihald samræðnanna ekki. Rannsakandinn hvetur viðmælanda sinn til að tala um það sem skiptir máli fyrir rannsóknina, en gefur honum jafnframt tækifæri á að tjá sig frjálsglega út frá eigin sjónarhorni. Af þeim sökum eru viðtölin ólík frá einum þátttakenda til annars þó viðfangsefnið sé hið sama. Viðtölin veita þannig upplýsingar um hvað er mikilvægt fyrir tiltekinn félagshóp, hvaða merkingu hann leggur í það sem verið er að rannsaka og hvernig fólk skilur og skilgreinir tiltekna hluti (Kvale, 1996). Rökin fyrir því að rannsaka veruleikann á þennan máta felast í þeirri hugmynd að raunveruleiki fólks er misjafn og fólk skynjar heiminn á ólíkan máta. (Bogdan og Biklen, 1998; Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Rýnihópar eru ein leið gagnasöfnunar í eigindlegum rannsóknaraðferðum. Í rýnihópum er hópi fólks boðið að taka saman þátt í umræðum um ákveðið málefni. Þannig gefst rannsakendum tækifæri til að fá fram mikið að upplýsingum á skömmum tíma. Slíkar rýnihópaumræður leyfa jafnframt ákveðin sveigjanleika og gera rannsakendum kleyft að kafa dýpra í svör þátttakenda en hægt væri með notkun spurningakannanna. Í umræðunum er leitast við að fá innsýn í hvaða merkingu þátttakendur leggja í það sem rannsakað er hverju sinni.

### Gagnaöflun

Til að afla gagna voru haldnir fjórir rýnihópar. Við undirbúning þeirra voru tekin sex símaviðtöl við aðila á Suðurlandi sem þekkja til málefna fatlaðs fólks og starfa í málaflokknum. Upplýsingar úr viðtölunum voru nýttar við gerð viðtalsramma fyrir rýnihópana og greiningu gagna.

Fyrsti rýnihópurinn samastóð af atvinnurekendum á svæðinu. Leitast var við að boða til þátttöku atvinnurekendum sem höfðu reynslu af því að hafa fatlað fólk í vinnu og einnig þá sem ekki höfðu slíka reynslu. Hringt var í fyrirtæki og stofnanir á svæðinu og þeim boðin þátttaka auk þess sem tölvupóstur var sendur út með upplýsingum. Alls boðuðu átta manns þátttöku sína í rýnihópnum. Fjórir vinnuveitendur mættu til þátttöku í hópnum, þrír frá fyrirtækjum í einkaeigu og einn frá opinberum aðila. Tveir þátttakendur voru með fatlað fólk í vinnu hjá sér, einn hafði verið

með fatlað fólk í vinnu áður fyrr og einn þátttakandi hafði ekki reynslu af því að vera með fatlað starfsfólk í vinnu.

Annar rýnihópurinn samanstóð af aðilum sem vinna að málefnum fatlaðs fólks á Suðurlandi. Sjö manns voru boðaðir í til þátttöku og mættu allir.

Í þriðja og fjóra rýnihópin var boðað fatlað fólk sem gæti haft not af starfsmenntunarnámskeiði fyrir fólk með skerta starfsfærni. Alls mættu sex til þátttöku í fyrri rýnihópin og átta í hinn síðari. Við val á þátttakendum var lögð áhersla á að fjölbreytni væri í samsetningu hópanna með tilliti til skerðinga, kyns, aldurs landfræðilegrar staðsetningar, reynslu af námskeiðum hjá Fjölmennt og reynslu af þátttöku á vinnumarkaði. Þátttakendum var gefinn kostur á að vera með stuðningsaðila með sér í rýnihópaumræðunum og kusu tveir að gera það.

Umræðurnar í rýnihópunum stóðu yfir í um það bil klukkustund í hverjum hópi. Umræðustjórar höfðu umræðuramma sér til stuðnings, með atriðum sem ætlunin var að ræða. Í viðtölunum var þó lögð áhersla á að gefa þátttakendum færi á að tala um það sem þeim sjálfum fannst skipta máli. Viðtölin hófust á inngangi þar sem umræðustjóri skýrði tilgang og ávinning rannsóknarinnar. Umræðustjórar hétu þátttakendum trúnaði að því leyti að nöfn þeirra kæmu ekki fram í skrifaðri skýrslu og að ekki yrði unnt að rekja það sem þau segðu í rýnihópnum aftur til þeirra. Því næst báðu umræðustjórar þátttakendur að kynna sig. Þessu var síðan fylgt eftir með spurningum og umræðum er snéru að þátttöku fatlaðs fólks á vinnumarkaði og hvernig námskeið Fræðslunetið gæti staðið að sem styddu fólk á leið á vinnumarkað.

## Skráning og úrvinnsla gagna

Viðtölin voru tekin upp og afrituð orðrétt. Hvert viðtal var lesið vandlega yfir og meginatriði þess dregin fram með því að gefa textabútum nafn. Í framhaldi voru allar kóðanir flokkaðar í meginþemu og undirþemu. Meginþemun snéru að reynslu fólks af þátttöku á vinnumarkaði, skoðun fólks á hvernig námskeið myndu gagnast best við undirbúning til þátttöku á almennum vinnumarkaði og hindranir og fordómar sem fatlað fólk upplifir á þessum vettvangi.

Viðmælendum var heitið trúnaði og verða viðtölin hvergi birt í heild sinni. Við skrif upp úr viðtölunum eru þátttakendur ekki nafngreindir, né er vitnað beint í þá ef talið er að hægt sé að rekja upplýsingarnar til viðkomandi. Niðurstöður verða eftir því sem kostur er, birtar sem sjónarmið hóps í stað þess að lýsa skoðunum ákveðinna einstaklinga.

Í skýrslunni hafa verið dregin fram þau þemu sem birtust í rýnihópaumræðunum og samhljómur virtist vera um. Fjöldamargar tillögur komu fram sem lúta að efnistöku og tilhögun námskeiða sem fjallað verður um í niðurstöðum. Á stöku stað er þar jafnframt að finna ábendingar og athugasemdir frá rannsakendum sem byggjast á upplýsingum sem fram komu í rýnihópunum.





## Styrkleikar og takmarkanir

Rýnihópaumræður eru sveigjanlegar og byggja á samskiptum fólks. með slíkum umræðum geta komið fram upplýsingar sem erfitt væri að ná fram með einstaklingsviðtölum. Í hópnum er rætt um sameiginlegan reynsluheim sem getur stuðlað að því að einstaklingar opni á umræður sem annars væru huldar rannsakanda. Með því að nota opnar spurningar og vera í virkum samskiptum við þátttakendur geta rannsakendur jafnframt gengið úr skugga um að þátttakendur skilji spurningarnar og tilgang rannsóknarinnar (Madriz, 2000).

Takmarkanir eigindlegra rannsókna lúta að alhæfingargildi eigindlegra aðferða. Markmið eigindlegra rannsókna er að öðlast dýpri skilning en ekki að gefa mynd af skoðunum fjölmargra einstaklinga og alhæfa þær yfir á stærri hóp (Bogdan og Biklen, 1998). Niðurstöður þessarar rannsóknar hafa ekki alhæfingargildi og því er ekki hægt að heimfæra þær upplýsingar sem gögnin veita yfir á alla þá sem gætu haft not af námskeiðum Fræðslunetsins um atvinnuþátttöku. Aftur á móti geta niðurstöðurnar gefið vísbendingar um að málum sé líkt farið hjá öðrum í svipaðri aðstöðu.

## NIÐURSTÖÐUR

Í rýnihópaumræðunum var lögð áhersla á að kanna hverjar væru helstu hindranir á vegi fatlaðs fólks á almennum vinnumarkaði. Með því að kortleggja þá þætti sem torvela þátttöku á atvinnumarkaðnum mætti í framhaldinu athuga hvort námskeið hjá Fræðsluneti Suðurlands gætu orðið til þess að ryðja þessum hindrunum úr vegi. Hér verður lagt til að Fræðslunet Suðurlands standi annarsvegar fyrir starfsnámi með þjálfun og heimsóknum í fyrirtæki og stofnanir og hinsvegar fyrir hefðbundnari námskeiðum.

Þess má geta að hjá stórum hluta fatlaðs fólks sem tók þátt í rannsókninni kom fram mikill vilji til að vinna á almennum vinnumarkaði. Þau sem störfuðu á vernduðum vinnustöðum eða vinnustofum vildu mörg hver takast á við meira krefjandi verkefni. Þau sem störfuðu út á almennum vinnumarkaði höfðu mörg áhuga á að auka við sig í starfshlutfalli og jafnvel fá aukastarf um helgar. Nokkrir þátttakendur voru hvorki í vinnu né námi og höfðu margir þeirra áhuga á að fá starf við hæfi. Reynsla þátttakenda af starfi á vernduðum vinnustöðum var ekki alltaf góð. Þótt sumir væru ánægðir með vinnuna sína voru flestir ósáttir við launakjör og vildu meira sjálfstæði í vinnunni. Þeim fannst eftirlit yfirmanna með starfsfólki vera óeðlilega mikið og að starfsandinn hentaði ekki öllum. Tóku sumir svo djúpt í árina að segja starf þeirra á vernduðum vinnustað ekki almennilega vinnu:

*Það er bara staðreynd,[...] ég get ekki séð þetta sem almennilega vinnu.*

Tjáðu þátttakendur ósk sína um að fá aukið sjálfstæði í atvinnumálum sínum. Þar gætu starfsmenntanámskeið Fræðslunetsins komið að góðum notum. Einn þátttakandi komst þannig að orði um þennan þátt:

*Maður þarf að læra sjálfur líka og fá tækifæri til þess. Óðlast reynslu.*

Annar þátttakandi sem hafði reynslu af starfi á almennum vinnumarkaði en starfaði nú á vernduðum vinnustað sagði:

*Þegar ég var [á almennum vinnumarkaði ] þá bara var treyst á mig, það bara, að treysta. [...] Það gaf mér svo mikið [...] sjálfstraust, að ég gat gert þetta ein. Það fannst mér svo yndislegt, það var enginn sem skipti sér af mér eða neitt.*

Í rýnihópunum með fötluðum þátttakendum skapaðist talsverð umræða um stöðu fatlaðs fólks og kölluðu þátttakendur eftir aukinni virðingu frá þjóðfélaginu. Í ljósi þessa benda rannsakendur á að mikilvægt sé að í fræðslu til fatlaðs fólks og til atvinnurekenda sé höfð í huga sú undirskipun sem fatlað fólk býr við. Einnig að unnið sé markvisst að því að raddir þeirra fái að heyrast og að tillit sé tekið til óska þeirra. Eftirfarandi samtal átti sér stað milli nokkurra þátttakenda í öðrum rýnihóp fatlaðs fólks:

*Stundum er ekki hlustað á þá sem eru fatlaðir.  
Já, stundum.  
Þeim er bara ýtt til hliðar.  
Það er bara svo rangt!  
Það er ekkert hlustað á mann...*

## Verklegt nám

Í öllum rýnihópunum fjórum var bent á mikilvægi verklegrar kennslu þegar kæmi að starfsnámi. Þátttakendur lýstu eftir námskeiði þar sem nemendurnir gætu lært handtök sem nýttust þeim í framtíðar störfum sínum. Þannig komst einn aðili að orðum sem hefur starfað að málaflokknum um langt skeið:

*Ekki of mikið bóklegt. Þetta er hópur sem er búinn að fá nóg af bókum og einhverskonar prófum og [þau] þurfa kannski svolítið að læra að vinna.*

Fleiri þátttakendur í sama hópi voru sama sinnis og bentu á að gott væri að miða kennsluna við þann starfsvettvang sem fólk væri að stefna á. Þannig væri unnt að fræða fólk um ólík vinnubrögð sem nýttust þeim á mismunandi starfsvettvangi: „Ef þig langar að vinna í verslun að þá sé til dæmis rætt um kurteisi og samskipti“. Í þessum hópi og einnig í rýnihópunum með fötluðu fólki var lögð áhersla á að slík námskeið yrðu sniðin að ólíku áhugasviði fólks. „[Það þyrfti að hafa] samstarf við fjölbreytta vinnustaði, hárgreiðslustofur, rafvirkja eða hvað það er sem liggur á áhugasviði hvers og eins.“

Fatlaðir þátttakendur voru sammála um að verklegt nám væri mikilvægt og að það þyrfti jafnframt að taka tillit til áhuga fólks.

*Ef maður væri að sækja um vinnu á einhverjum ákveðnum stöðum, hvort það væri þá hægt að kenna þeim fyrirfram um vinnustaðinn?*

*Ég held að [verklegt nám] sé gott fyrir alla. Og svo fara inn á vinnustaðinn líka og fá aðeins að sjá hjá verkstjóranum, sjá hvernig þetta er gert, hægt og rólega og svoleiðis. Og alls staðar, [til dæmis] hjá bænum.*

Annar þátttakandi lagði einnig áherslu á að þetta væri gert á hraða sem fólk réði við.

*Mér finnst allt í lagi að kenna svona [starfsnám] svipað eins og er kennt í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Bara með námskeið sem eru miklu hægari þannig að það er miklu auðveldara að ná því en á þeim hraða sem er unnið á í fjölbrautaskólanum.*

Að minnsta kosti einn þátttakandi hafði reynslu af því að sækja um afgreiðslustarf. Honum hafði gengið vel í viðtalinu en fékk ekki starfið þar sem hann hafði ekki unnið sambærilegt starf áður. Hann taldi að ef hann hefði getað sýnt frammá að hann hefði farið í gegnum starfsþjálfun fyrir afgreiðslustarf hefðu möguleikar hans á ráðningu verið mun betri.

Upp kom sú hugmynd að í verklegu kennsluna mætti fá gestakennara frá ólíkum fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu. Þessir aðilar gætu kynnt starfsemi sína og frætt nemendur um þá þætti sem mikilvægt er að fólk kunni og hvað starf hjá þeim felur í sér. Þá benda rannsakendur á að það myndi einnig styrkja verknámið að fá fatlað fólk sem er á almennum vinnumarkaði sem gestakennara til að segja frá starfi sínu. Það yrði hvatning fyrir þátttakendur námskeiðsins að kynnst störfum fatlaðs fólks á almennum vinnumarkaði.

## Starfskynningar

Það var einnig rætt í hópunum að mikilvægt væri að koma á fót starfskynningum fyrir fólk með skerta starfsfærni. Þetta þótti ekki síst mikilvægt með það að markmiði að opna augu atvinnurekenda fyrir mannauði þessa hóps og styrkja tengslanet fatlaðs fólks. Í umræðum hópanna þriggja kom fram að helsta hindrun á vegi fatlaðs fólks til þátttöku á almennum vinnumarkaði væri þekkingarleysi atvinnurekenda. Þeir væri alla jafna ómeðvitaðir um kosti þess að hafa fjölbreyttan hóp fólks í vinnu. Þannig sagði einn aðstandandi frá:

*Ég held að það sé ekkert auðvelt fyrir hérna, fatlað fólk hérna á Selfossi að fá vinnu, ég held ekki, ég hef allavegana ekki reynslu af því. [...] það er líklega ábyggilega, ábyggilega eitthvað, hjá fyrirtækjunum [...] það eru kannski fyrirtækin sem að eru í einhverri bremsu sko með þetta.*

Aðili sem starfar að málefnum fatlaðs fólks á svæðinu tók í sama streng og sagði:

*Mér finnst ég verða mikið vör við að það sé vegna þekkingarleysis og sko viðkomandi fyrirtæki þekkir ekki til fatlaðs fólks og hræðist það af þekkingarleysinu. [Það heldur] að það sé öðruvísi að ráða fólk með einhverjar skerðingar til vinnu heldur en ekki og þá er bara þægilegra að segja „því miður, það er ekki hægt“.*

*Þegar maður kemur [á vinnustað] þá er ekki hægt að ráða [...] vegna þess að það er svo lítið að gera. Svo kemur maður aftur seinna og þá er svo mikið að gera að þeir bara geta alls ekki tekið á móti. [...] Þannig að þetta þýðir bara eitt sko, það vill ekki taka þátt í þessu.*

Einnig var rætt um að atvinnurekendur gerðu sér ekki grein fyrir því að fjölmörg störf henti fötluðu fólki.

*Kannski oft er kannski þekkingarleysi á eigin vinnustað og hvaða möguleikar eru fyrir okkar skjólstæðinga. Það eru oft störf og það kannski þarf aðstoð við að sjá störfina og hvað það er sem hægt væri að gera þarna.*

Allir í hópnum voru sammála um að ákveðinnar tregðu gætti meðal atvinnurekenda á svæðinu sem mikilvægt væri að vinna gegn. Þátttakendur töldu vitundarvakningu á þessu sviði vera forsenda fyrir aukinni þátttöku fatlaðs fólks á atvinnumarkaðnum. Rannsakendur benda á að það sé ekki skilvirkt að mennta fatlað fólk og undirbúa það til þátttöku á vinnumarkaði sem væri svo lokaður fyrir þátttöku þess. Svar atvinnurekenda við því hvort þeir teldu sig verða jákvæðari gagnvart ráðningu fatlaðs einstaklings ef hann hefði farið á starfsmenntanámskeið hjá Fræðslunetinu styrkir þessa sýn.

*Ég held að það mundi ekki hjálpa neitt sérstaklega mikið sko.*

*Kannski eitthvað svo sem.*

*Eitthvað.*

Í rýnihópum fatlaðs fólks kom einnig fram að ekki væri borin nægileg virðing fyrir þeim og þeirra skoðunum. Þeim fannst mikilvægt að þeir sem væru að taka á móti þeim á almennum vinnumarkaði fengju fræðslu um hvernig ætti að koma fram við fólk.

*Bæði í skóla og á vinnu, og fullt af öðrum vinnustöðum, þá á ég við að almenna skóla og almennum vinnumarkaði þá náttúrulega hafa sumir fatlaðir upplifað að vinna á almennum vinnumarkaði [... þá er] ekki ofbeldi beint en meira svona sálrænt ofbeldi. [...] Af því að þau skilja ekki, þau skilja ekki hvað hann eða hún hefur, þá er verið að setja út á, gera grín. Mér finnst það vera svo mikill bara dónaskapur. Í staðinn fyrir að tala við [manneskjuna], bara tala við hana, hann, og læra um hana, þá bara í staðinn fyrir að gera það þá bara [er farið] beint í fordóma.*

*Mér finnst að áður fatlaðir fara á vinnumarkað [þá ætti að] halda fyrst fund með þessum ófötludum og bara segja þú veist um [þessa manneskju] nú er þessi maður eða hún að koma að vinna hjá okkur og hún er með þessháttar jaríjarí, þessa ákveðnu fötlun og allt það, þannig að ... skilurðu hvað ég á við?*

Í hópnum með atvinnurekendum komu fram viðhorf sem staðfestu að ákveðin tregða er til staðar hvað varðar ráðningu fatlaðs starfsfólks. Til að mynda kom fram að þeir óttuðust að ráðning fatlaðs einstaklings gæti orðið dýr fyrir fyrirtækið. Sérstaklega ætti þetta við hjá smærri fyrirtækjum þar sem fólk taldi ráðningu fatlaðs fólks „mjög erfiða“. Nokkrir þættir voru nefndir, svo sem að vinnuframlag fatlaðs fólks væri minna en annarra, að það tæki tíma frá öðrum starfsmönnum og væri meira frá vegna veikinda en annað starfsfólk. Eftirfarandi tilvitnanir endurspeglar þessa sýn:

*Fyrirtæki með tiltekinn starfsmannafjölda, 50-100 manna starfslíð, kannski þau líta á þetta sem, kannski svona samfélagslegan þátt, að vera kannski með einn, tvo, þrjú einstaklinga. Menn vita að þetta fólk hefur kannski ekki alveg sömu framlegð og aðrir sko, en kannski fámennari fyrirtæki þar sem eru örfáir starfsmenn, þar er þetta orðið mjög erfitt sko.*

*Það getur orðið þannig að þetta fólk er mikið meira frá sko.*

*Við höfum verið með fólk sem að hefur verið svona andlega seint, við höfum verið með fólk sem að þjáist af svona einhverjum kvíða-röskunum og svona alls konar hlutum sko. Að mörgu leyti getur þetta verið rosalega dýrt fyrir fyrirtækið, ef að þetta eru einstaklingar sem eru mikið frá vinnu.*

*Ef að viðkomandi er mjög hérna fatlaður að hann þurfi kannski líka, að hann taki í rauninni tíma frá öðrum. Að hann þurfi mikla aðstoð skilurðu? Þá ertu kannski kominn með heilt starf fyrir fatlaðan einstakling og kannski hálf starf í það að fylgjast með því sem að þeir eru að gera og aðstoða nokkra.*

Að auki nefndu atvinnurekendur að fyrirkomulag ráðningar fatlaðs starfsfólki þyrfti að vera mjög skýrt fyrir báðum aðilum. Nokkuð var rætt um hræðslu atvinnurekenda við að ráða inn fatlaðan einstakling og þurfa svo mögulega að segja viðkomandi upp.

*Það er líka í þessum tilfellum svo viðkvæmt mál ef að fyrirtæki þarf að losa sig við fatlaðan einstakling að það er eiginlega varla hægt. Það er svona móralskt sko mjög veikt að segja upp fatlaðri manneskju sko, þannig að það fyrirtæki hugsar sig ábyggilega vel um við ráðningar.*

Vegna þessarar afdráttarlausu niðurstöðu rýnihópanna, að viðhorf atvinnurekenda sé ein helsta hindrun fyrir fatlað fólk sem vill fara á almennan vinnumarkað, mætti hugsa sér að Fræðslunet Suðurlands reyndi að stuðla að vitundarvakningu meðal atvinnurekenda. Til að mynda gæti Fræðslunetið staðið að starfskynningum, nokkurskonar vísindaferðum sem gagnast gætu bæði fötluðu fólk í atvinnuleit og atvinnurekendum. Ekki yrði gerð krafa á að fyrirtækið ráði til sín starfsfólk og að á kynningunni færi bæði fram fræðsla um starfsemi fyrirtækisins en ekki síst væri þetta tækifæri fyrir atvinnurekendur til að kynna fötluðu fólk. Miðla þyrfti upplýsingum frá fyrirtækjum þar sem það hefur gengið vel, upplýsingum um möguleg ráðningafyrirkomulag og upplýsingum sem hrekja þá sýn að það sé erfitt og dýrt að ráða fatlaða manneskju inn.

*Það er ekki nóg kannski að koma og kynna sig og hvað við erum að gera heldur þarf að vera svolítið markviss fræðsla inn í fyrirtækin. Hvernig tekur maður á móti starfsmönnum, fötluðum starfsmönnum?*

*Hvað er sem við þurfum að gera og, og svona ýmislegt. Hvert getum við leitað þegar upp koma [einhver mál]?*

Slík kynningin yrði upplýsandi fyrir fyrirtækin og valdeflandi fyrir það fatlaða fólk sem tæki þátt í kynningunni sem einnig þarf sjálft að heyra af því að fatlað fólk sé ekki vandamál. Einnig að það sé hagur fyrirtækjanna að fá þau til starfa en ekki að þeim sé bara „leyft“ að koma og vinna, en það er orð sem einn atvinnurekandi, sem rætt var við í síma, notaði ítrekað.

Rannsakendur benda á að að sjálfsgöðu ætti fræðslunetið að nota krafta og hugmyndaflug fatlaðs fólks við gerð og skipulagningu þessara kynninga. Það kynnti sig og kæmi á framfæri þeim atriðum sem þeim þykja mikilvæg að atvinnurekendur viti. Fyrirtækið myndi svo kynna sig og sína starfsemi. Ef áhugi er hjá þátttakendum á starfi við fyrirtækið gætu þátttakendur skilið eftir nafnspjald sitt, ferillskrá og eða aðrar upplýsingar, t.d. um meðmælendur eða umsagnaraðila. Ef vel tekst til gæti tengslanet fatlaðs fólks styrkst við þessar heimsóknir en veikt tengslanet var eitt af því sem þátttakendur töldu hamlu fötluðu fólki við að fá starf á svæðinu:

*Ef [...] þú hefur ekki tengsl við vinnumarkaðinn þá áttu mjög erfitt uppdráttar. Þú hefur ekki reynsluna og þú hefur engin tengsl við nokkurn sem að getur ráðið þig.*

*Það er bara er líka bara mjög þekkt að algengasta ástæðan fyrir því að fólk er ráðið í vinnu það er í gegnum tengslanet.*

Meðal atvinnurekenda kom þetta sjónarmið bersýnilega fram þar sem þeir sögðu mjög mikilvægt að þekkja til viðkomandi eða geta fengið upplýsingar um manneskjuna.

*Ef að þetta fólk hefur ekki kannski neina forsögu á vinnumarkaði, að þannig að þú getur ekki haft sambandi við fyrra vinnuveitendur, þú getur ekki fengið meðmæli frá einhverjum vinnustað vegna þess að viðkomandi hefur aldrei verið í vinnu, þá þarf maður að vita hvar getur maður leitað að staðgóðum upplýsingum um viðkomandi.*

Nú þegar eru nokkrir aðilar á svæðinu sem fara í áþekkar kynningar til fyrirtækja. Til að forðast skörun þyrfti að hafa samráð við þá aðila sem fyrir eru á svæðinu og eru í samskiptum við fyrirtæki og stofnanir um starfskynningar fyrir fatlað fólk. Í hópnum þar sem saman kom fólk sem vinnur að málefnum fatlaðra kom fram að einhver þeirra höfðu reynslu af því að fara með fötluðu



fólki í starfskynningar í fyrirtæki. Þau töldu þó tvímælalaust vera þörf á fleiri slíkum kynningum og að þær yrðu gerðar aðgengilegri fyrir fleira fólk. Einnig var það samdóma álit þess hóps að kynningarnar þyrftu einnig að beinast að því að uppfræða atvinnurekendurna eins og rakið hefur verið hér.

Eitt af því sem kom skýrt fram meðal atvinnurekenda var að þeir vildu hafa einhvern þriðja aðila sem gæti aðstoðað fyrirtækið og fatlað fólk við gerð ráðningasamninga og við að finna störf við hæfi. Þannig sögðu atvinnurekendur frá:

*Það er mjög gott að hafa svona tengilið [það], getur hjálpað manni mjög mikið.*

*Ég held að það væri alveg rétt að það myndi hjálpa atvinnurekendum til að taka þetta skref, að ráða inn fatlaða manneskju ef að þú hefur [upplýsingar um] sem sé getuna og annað slíkt, hefur forsöguna að einhverju leyti í sambandi við, við héra, hvað þessi manneskja er fær um að gera.*

Ef af starfskynningum Fræðslunetsins yrði væri því mikilvægt að Fræðslunetið gæti gengt þessu hlutverki þriðja aðila eða sæi til þess að einhver gegndi því hlutverki þegar líður að lokum starfsmenntanámskeiðsins. Fatlaðir þátttakendur óskuðu líka eftir eftirfylgd fyrst um sinn í vinnunni:

*Svo er eitt sem mér finnst mjög gott líka. Þeir sem eru að byrja að vinna að verkstjórninni sýni þeim hvað þeir eiga að gera. Fari yfir allt mörgum sinnum.*

Þannig væri nauðsynlegt að Fræðslunetið tryggði að þessi þriðji aðili sem aðstoðaði væri til staðar og kæmi jafnvel með tillögur að ráðningarfyrrkomulagi og störfum sem henta hverjum og einum. Þannig væri stuðningur fyrir fyrirtæki og fatlað fólk sem er að stíga sín fyrstu skref í ráðningum/sókn á vinnumarkaðinn tryggður.

## Önnur fræðsla

Aðspurðir um atriði sem mikilvægt væri að læra fyrir þátttöku á atvinnumarkaði nefndu þátttakendurnir í rýnihópunum mörg atriði. Þetta eru atriði sem Fræðslunetið gæti tekið fyrir í hefðbundnum námskeiðum, svo sem mannleg samskipti, hreinlæti, að taka leiðbeiningum, vera

opinn fyrir nýjum hugmyndum og námsfús, sjálfstyrking, skyndihjálp, minnistækni, stundvísi og grunnur í stærðfræði sem nýtist til dæmis við þökkun eða afgreiðslustörf.

Þá ræddu allir hóparnir um mikilvægi þess að gera sér grein fyrir réttindum sínum og skyldum á vinnumarkaði, til dæmis almennum reglum um vinnutíma, matarhlé, kaffipásur, réttindi til sumarfrís og veikinda og starfsemi stéttarfélaganna. Þá var rætt um að fólk gerði sér grein fyrir rétti þeirra til endurmenntunar og þátttöku í félagsstarfi vinnustaðarins. Einnig réttinum til launa en fötluðum þátttakendum var nokkuð tíðrætt um að á vernduðum vinnustofum væri afar illa borgað. Þá ræddu atvinnurekendur og fatlaðir þátttakendur einnig mikilvægi þess að allir gerðu sér grein fyrir því að fólk væri yfirleitt ráðið inn til að byrja með til reynslu. Þetta ætti ekkert sérstaklega við um fatlað fólk heldur gengi þetta yfir flesta á vinnumarkaðinum. Báðir aðilar ættu rétt á því að hætta við samstarfið að ákveðnum tíma liðnum.

Í öðrum rýnihópnum með fötluðum þátttakendum spannst umræða um að það væri mikilvægt að fólk með skerðingar sem færi að vinna á almennum vinnumarkaði gerði sér grein fyrir því að það gæti upplifað fordóma og erfiðleika í samskiptum vegna þess hvernig samfélagið bregst við fötluðu fólki. Rannsakendur benda því á að mikilvægt sé að fatlað fólk sé frætt um rétt sinn til fordómalausra samskipta og hvert það geti leitað ef upp koma vandmál. Einnig að upplýsingum sé miðlað um hvað er í lagi og hvað er ekki í lagi í samskiptum á vinnustað sem og almennri fræðslu um réttindi fatlaðs fólks og virðingu í samskiptum.

Þá töldu fatlaðir þátttakendur að þörf væri á sjálfstyrkingu fyrir fatlað fólk í tengslum við sókn út á vinnumarkaðinn. Þeir töldu skort á sjálfstrausti eina helstu hindrunina og sem og þekkingarleysi á því hvernig fólk ber sig að við að sækja um vinnu. Það sem þau töldu að fötluðu fólki þætti erfiðast var til dæmis að vinna með öðrum og að „þora“ að sækja um vinnu. Einn fatlaður þátttakandi velti því fyrir sér hvort fólk væri einfaldlega of feimið til að leggja út í að sækja um vinnu. Aðrir sögðu til dæmis:

*Þau eru kannski hrædd við að ef þau fái fullt starf eða meiri launahækkun þá er kannski meiri pressa á þau. Og verði kannski sett í ný störf sem þau eru kannski ekki alveg tilbúin í.*

*[Fólk þyrfti að kunna ] hvernig maður á að bera sig í þessu þegar verið er að spyrja [í atvinnuviðtalinu].*

Í máli fatlaðs fólks í báðum hópum komu fram óskir um að aðgreining fatlaðra og ófatlaðra yrði minni í samfélaginu. Fatlað fólk og fólk sem starfar að málaflokknum taldi mjög mikilvægt að sömu reglur giltu fyrir fatlað fólk og ófatlað fólk á vinnustöðum og að bæði fatlað fólk og

vinnuveitendur yrðu að gera sér grein fyrir þessu. Hópur þeirra sem starfar að málaflokknum tók í sama streng og sagði stundum vanta þennan skilning bæði hjá fötluðu fólki, stuðningsaðilum, yfirmönnum og samstarfsfólki.

*Fólki með skerta starfsgetu er ekkert gefinn afsláttur á því frekar en öðru og það er virðingin við þann sem er að fá vinnuna, það er að það sé komið eins fram við þig, það er mjög mikilvægt að þú sért ekki á einhverri undanþágu. Þá vantar eitthvað í virðinguna við þig. Það þarf að ræða við vinnuveitendur um þetta.*

Þátttakendur töldu brýnt að fræðsla um þessi mál næðu til fatlaðs fólks og atvinnuveitenda. Þannig komust fatlaðir þátttakendur að máli:

*Mér finnst að þeir ættu að gefa fötluðu fólki tækifæri til að tjá sig. Mér finnst að þeir ættu að gera það. Að við eigum að skrifa jafnmikla vinnuskýrslu og hver annar.*

*Þetta er svona svipað og endurvinnslan. Það er flokkað ruslið svona, það er eins og það sé verið að flokka fólkið líka. Bara ókey, fatlaðir séu saman. Þú veist, þeir sem eru ekki fatlaðir séu saman.*

*Spyrill: Myndir þú vilja hafa þetta meira blandað?*

*Já, þú veist þeir sem eru fatlaðir og þeir sem eru ekki fatlaðir. Þetta á ekki að breyta neinu máli. Fólk er fólk, þú veist. Það eru allir öðruvísi, það er enginn eins.*

Einnig óskuðu fatlaðir þátttakendur eftir því að fá tækifæri til að taka krefjandi námskeið sem kennd eru fyrir almenning. Fræðslunet Suðurlands stendur nú þegar fyrir námskeiðum sem ætluð eru fólki sem vill styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Í ljósi þessarar óska mætti kynna betur þann möguleika að fatlað fólk taki þátt í þeim námskeiðum, en í engum af rýnihópunum komu fram upplýsingar sem bentu til þess að fólk vissi af þeim möguleika. Þannig þyrfti að vera skýrt í öllu kynningarefni frá Fræðslunetinu að námskeiðin séu opin öllum og að fatlað fólk geti gengið að sem vísu að því verði vel tekið og það fái þann stuðning sem það þarf til að sitja almenn námskeið.

*Námskeið sem að ég er að tala um er, tengist svona því sem ófatlaðir eru að gera. Það er svo mikið sem að mig langar að læra, hérna, saga, fornleifafræði og allt þetta.*

*Mér finnst að fólk ætti að gefa okkur tækifæri í að prófa okkur meira áfram, prófa eitthvað erfiðara, ekki alltaf þetta föndur, barnaföndur sem við erum alltaf látin gera heldur prófa. Láta okkur gera meira svona erfiða hluti, skilurðu? Af því að ég trúi því að við getum alveg gert, af því að ég trúi því að fatlaðir [...] geta svo mikið en fá ekki bara tækifæri til þess, finnst mér.*

## Fyrirkomulag og kynningar

Áður hefur komið fram að viðmælendur töldu mikilvægt að námið yrði miðað útfrá áhugasvið hvers og eins eftir því sem kostur er. Þetta ætti ekki síður við um hefðbundin námskeið heldur en verklegt nám eða starfskynningar. Aðilar sem starfa að málefnum fatlaðs fólks bentu á þá hættu að fólk sæju ekki tilganginn í því að sækja námskeið nema það væri með skýrum hætti tengt við framtíðarmarkmið þeirra. Nefndu nokkrir í því sambandi að hægt væri að leyta í reynslubrunn þeirra sem hafa verið þátttakendur í starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun við Háskóla Íslands. Á heimasíðu háskólans segir að markmið þess náms sé að „undirbúa nemendur til afmarkaðra starfa eins og til dæmis í skólum, leikskólum, félagsmiðstöðvum, bókasöfnum og á þeim vettvangi sem fatlað fólk sækir þjónustu.“<sup>1</sup> Þannig sé skýrt frá upphafi að hverju nemandinn stefnir og námið mótað með það í huga. Þetta markmið er einnig í samræmi við eindregnar óskir fatlaðra þátttakenda um að hlustað sé á óskir þeirra.

Einnig voru viðmælendur á því að huga þyrfti að stöðu einhverfra og að nýta bæri þá reynslu sem byggst hefur upp hjá Sérfræðingunum (Specialisterne á Íslandi) en það er sjálfseignarstofnun sem sérhæfir sig í bæta atvinnumál einstaklinga á einhverfurófi á Íslandi. Rannsakendur benda á að til dæmis mætti fá fræðslu frá aðstandendum þeirrar stofnunar um hvernig starfsmenntunarnámskeiðum þeirra er háttað og fá fólk á einhverurófi sem hafið hefur störf á almennum vinnumarkaði í samvinnu við Sérfræðinga til að segja frá reynslu sinni.

---

1

[http://www.hi.is/ithrotta\\_tomstunda\\_og\\_throskathjalfadeild/starfstengt\\_diplomanam\\_fyrir\\_folk\\_med\\_thr\\_oskahomlun](http://www.hi.is/ithrotta_tomstunda_og_throskathjalfadeild/starfstengt_diplomanam_fyrir_folk_med_thr_oskahomlun)

Svæðið sem Fræðslunet Suðurlands þjónustar er afar stórt. Í hópnum með fólki sem starfar í málaflokknum var rætt um að huga þyrfti að fólki sem býr fyrir utan Selfoss og að starfskynningar þyrfti einnig að ná til fleiri svæða, til dæmis Sólheima, Hvolsvallar og Víkur.

Almennt töldu viðmælendur að talsverð þörf væri fyrir starfsmenntunarnámskeið. Þó spannst nokkur umræða meðal fólks sem starfar að málaflokknum um hvar þörfin væri brýnust. Flestir töldu að sá hópur sem væri í mestri þörf fyrir námskeið á dagvinnutíma væri ungt fólk, allt niður í 16 ára gamalt, sem hefur flosnað upp úr skóla. Eldra fólk ætti ef til vill auðveldara með að mæta seinnipartinn eða á kvöldin því hluti þeirra væri í hlutastörfum en hefðu þó áhuga á að mennta sig frekar og auka möguleika sína á vinnumarkaðinum. Þetta kom einnig fram meðal fatlaðra þátttakenda. Meirihluti þeirra var í hlutastörfum og höfðu áhuga á að bæta við sig en höfðu ekki fengið tækifæri til þess.

Þátttakendur voru einnig spurðir hvernig þeir teldu best að kynna námskeiðin. Þau sem starfa að málaflokknum töldu að benda þyrfti fólki á þetta á einstaklingsgrundvelli og að skýra fyrir fólki hvernig starfsmenntunarnámskeið myndi nýtast þeim við að ná framtíðarmarkmiðum sínum um þátttöku á vinnumarkaði.

*Það þyrfti að benda fólki á að námskeiðin myndu gagnast fólki við að fá draumastarfið. Fólk áttar sig af til vill ekki á innihaldi námskeiðanna út frá lýsingu.*

Þá nefndu þau sem starfa að málefnum fatlaðra á svæðinu að bæklingur með námskeiðalýsingu myndi líklega ekki duga til að fá fólk inn á námskeiðin. Slíkur bæklingur yrði einfaldlega ekki lesinn. Bent var á að gott gæti verið að nota Facebook til að ná til hópsins og að tala við foreldra yngsta aldurshópsins. Þá velta rannsakendur því upp hvort annar kynningarmáti, svo sem myndbönd eða lesnar auglýsingar myndu gagnast við að ná til þessa hóps. Einng þyrfti að vera samstarf við aðra aðila sem vinna að málaflokknum og fólk innan ólíkra stofnana væri vel upplýst um hvað Fræðslunetið biði uppá fyrir þeirra skjólstæðinga.



## HEIMILDIR

- Bogdan, R. C. og Biklen, S. K. (1998). *Qualitative research in education: An introduction to theory and methods*. Boston: Allyn & Bacon.
- Madriz, E. (2000). Focus groups in feminist research. Í N. K. Denzin og Y. S. Lincoln (ritstjórar), *Handbook of Qualitative research* (bls. 129-147). London: Sage.
- Rannveig Traustadóttir. (1993). *Könnun á atvinnuhögum nemenda brautskráðum frá starfsdeild Öskjuhlíðarskóla*. Reykjavík: Landssamtökin Þroskahjálp.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar og meginlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219-235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.